

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 2007 í máli nr. S-505/2007:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir fulltrúi)

gegn

A

(Oddgeir Einarsson hdl.)

B

(Björgvin Jónsson hrl.)

Ár 2007, þriðjudaginn 29. maí, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dóm húsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara og dómur kveðinn upp í málinu nr. S-505/2007: Ákærvaldið gegn A og B, sem dómtekið var 25. maí að loknum munnlegum málflutningi.

Ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru útgefinni 22. mars 2007 á hendur ákærðu, A, hollenskum ríkisborgara, fæddum 1983 og B, ríkisborgara Sri Lanka, fæddum 1987, „fyrir fíkniefnalagabrot, framið í ágóðaskyni á árinu 2006“, með eftirgreindum hætti:

1.

Ákærða A er gefið að sök að „hafa skipulagt innflutning á 834 töflum (samtals 233,84 g), sem innihéldu fíkniefnið MDMA, frá Hollandi til Íslands. Fór ákærði utan í október þar sem hann fékk ónafngreindan mann til að senda töflurnar með hraðpóstsendingu á heimili meðákærða en ákærði hafði fengið hann til að samþykka það. Föstudaginn 17. nóvember, er meðákærði hafði mótttekið sendinguna, fór ákærði á heimili hans þar sem hann tók umbúðir sem hann taldi innihalda fíkniefnin úr henni, en lögregla hafði þá fjarlæggt fíkniefnin og sett gerfíefni (sic) í staðinn. Er ákærði varð þess áskynja að átt hafði verið við sendinguna henti hann henni frá sér og hljóp af vettvangi“.

2.

Ákærða B er gefið að sök að „hafa að beiðni meðákærða látið honum í té heimilisfang sitt í því skyni að þangað yrði sendur pakki frá Hollandi með fíkniefnum þeim sem um ræðir í ákærulið 1. Móttók ákærði sendingu, er hann taldi innihalda fíkniefnin, á heimili sínu föstudaginn 17. nóvember, tilkynnti meðákærða

að hún væri komin, og hafði í vörslum sínum þar til meðákærði kom á heimili hans síðar sama dag“.

Er framangreind háttsemi talin varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001 og þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þá er þess krafist að framangreind efni verði gerð upptæk til ríkissjóðs samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Ákærðu krefjast sýknu af refsikröfu ákærvaldsins, en ellegar vægustu refsingar sem lög leyfa.

I.

Mánudaginn 13. nóvember 2006 fundu hollenskir tollverðir hraðpóstsendingu á Schiphol flugvelli með farmnúmeri 195004665, sem var á leið til Íslands á vegum pósthjónustu TNT. Samkvæmt farmbréfi, dagsettu sama dag, áttu að vera í sendingunni tvö tímarit, en auk þeirra leyndust í henni 300 grömm af „ecstasy“. Sendandi var sagður „Jibril“ hjá „Lifestyle“ í Amsterdam, en skráður móttakandi var „[B ...]“. Pakkinn var haldlagður og boðsendur lögreglunni í Reykjavík 16. nóvember. Við nánari athugun komu í ljós 834 hvítar töflur, í tveimur plastpokum, sem komið hafði verið haganlega fyrir í tvennu lagi á milli pappaspjalda, sem notuð voru sem umbúðir utan um tímaritin. Töflurnar vógu samtals 233,84 grömm og gáfu svörun sem MDMA (ecstasy) við litaprófun. Var sú niðurstaða staðfest í matsgerð Jakobs Kristinssonar dósents á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði 8. desember 2006, en samkvæmt henni innihéldu sýnishorn úr öðrum pokanum 103 milligrömm (mg.) af MDMA-klóríði í hverri töflu, sem samsvarar 87 mg. af MDMA-basa, en töflur úr hinum pokanum höfðu að geyma 101 mg. af MDMA-klóríði, sem svarar til 85 mg. af MDMA-basa. Fyrir dómi bar Jakob að um sterkar töflur væri að tefla, en meðalstyrkur samsvarandi ávana- og fíkniefna, sem rannsóknastofan hefði fengið til athugunar á árinu 2006, hefði verið 57 mg. af MDMA-basa.

Lögregla fjarlægði töflurnar úr umbúðunum, kom fyrir gerviefnum þeirra í stað, ásamt hlerunar- og staðsetningarbúnaði og afhenti TNT pósthjónustunni pakkann til afgreiðslu. Föstudaginn 17. nóvember var honum ekið heim til ákærða B að [...], þar sem ákærði móttók pakkann kl. 13:12, gegn greiðslu á 1.500 króna sendingar gjaldi. Í framhaldi hringdi hann kl. 14:20 úr farsíma sínum 699-7592 í farsíma meðákærða A, 616-9912, tilkynnti honum að pakkinn væri kominn og kvaðst meðákærði myndu vitja hans um kl. 18. Lögregla fylgdist með íbúðarhúsinu fram eftir degi, sá ákærða A koma þangað og lét til skarar skriða kl. 18:05 með því að ryðjast inn á heimili ákærða B, í kjallaraíbúð hússins. Þar handtók hún ákærða og 17 ára bróður hans, C, en auk bræðranna voru foreldrar þeirra í íbúðinni og móðurbróðir. Ákærði A var handtekinn fyrir utan húsið.

Í málinu eru ljósmyndir af íbúðinni og afstöðuteikning. Af gögnum þessum má ráða að gengið er inn í íbúðina gegnum stórt hol, en þar munu foreldrar ákærða B og frændi hans hafa setið. Úr holinu er opið inn í stofu og þaðan er innangengt í svefnherbergi ákærða og C. Á ljósmyndum má sjá tímaritin tvö, á svefnsofa í stofunni og þar á borði er einnig kassi frá Íslandspósti TNT. Í svefnherberginu sést

sjónvarp og Play Station leikjatölva og þar á rúmi ákærða má sjá greiðslukvittun fyrir hraðpóstsendingunni. Ljósmyndir teknar fyrir utan íbúðina sýna tvo plastpoka með hvítum töflum, sem lágu á jörðinni fyrir neðan opnanlegt fag á svefnherbergis glugganum. Á öðrum myndum má sjá hin rifnu pappaspjöld, sem notuð voru sem umbúðir utan um tímaritin, en umbúðunum hafði verið hent yfir á nágrannalóð.

II.

Við rannsókn málsins kom í ljós að ákærði A hafði farið til Hollands 10. október 2006 ásamt X, ákærði snúið til baka 22. október, en X breytt ferðaáætlun sinni og snúið aftur 19. október. Flugfarseðlar beggja voru greiddir með greiðslukorti kærustu ákærða, D. Einnig kom í ljós að ákærði fékk 15. nóvember svohljóðandi SMS skilaboð úr hollensku farsímanúmeri: „Www.tntexpress.nl.gd 195004665 nl“, en samkvæmt farsímanúmeri ákærða bárust skilaboðin frá „Matti“. Þá hafði tölva á heimili ákærða og D verið notuð fimmtudaginn 16. nóvember til að fara inn á vefsvæði TNT, fyrst kl. 15:32 og með hléum fram til kl. 17:09. Í viðkomandi rannsóknargögnum má tvívegis sjá tilvísun til farmnúmersins 195004665.

Einnig kom í ljós að ákærði A og nefndur X voru 50 sinnum í farsímasambandi á tímabilinu frá 1.-10. október, ekkert dagana 11.-21. október, en frá 22. október til 17. nóvember voru þeir 147 sinnum í farsímasambandi, þar af 39 sinnum dagana 13.-17. nóvember, en ákærði hringdi meðal annars í X fimmtudaginn 16. nóvember kl. 15:43 og 15:58.

Þá kom á daginn að ákærði hringdi í „Matti“ 23. október og sendi honum tvö SMS skilaboð, hringdi þrívægis í Matti daginn eftir, aftur 25. október, sendi honum SMS 6. og 7. nóvember, hringdi og sendi SMS 8. nóvember, aftur daginn eftir og sendi þá þrjú SMS, hringdi fimm sinnum í Matti 11. nóvember, tvisvar 12. nóvember, fjórum sinnum 13. nóvember, átta sinnum 14. nóvember, ellefu sinnum 15. nóvember, auk tveggja SMS skilaboða og loks hringdi hann tvisvar í Matti 16. nóvember.

Rannsókn leiddi og í ljós að X hringdi fjórum sinnum í ákærða B 19. október, ákærði sendi X SMS skilaboð sama dag og tvenn skilaboð 20. október, auk þess sem þeir hringdu hvor í hinn einu sinni sama dag.

Fjármál ákærðu voru einnig skoðuð og leiddi sú rannsókn ekkert óvenjulegt í ljós, ef frá eru talin tæplega 1.000.000 króna gjaldeyriskaup ákærða A 28. júlí 2006. Við rannsókn á fjármálum X, sem var atvinnulaus og heimilisláus, en gisti hjá Hjalpræðishernum, kom í ljós að hann hafði á tímabilinu frá 26. maí til 31. ágúst 2006 sent andvirði ríflega 500.000 króna til Bandaríkjana, Bretlands, Gambíu og Þýskalands, með fimm millifærslum og keypti á sama ári erlendan gjaldeyri fyrir ríflega 1.300.000 krónur, þar af varði hann rúmlega 600.000 krónum í gjaldeyriskaup í september. Þá fór hann í tvær utanlandsferðir á sama ári, auk Hollandsferðarinnar og fékk lán frá vinum, sem X vildi ekki nafngreina, til að greiða fyrri ferðirnar tvær.

III.

Ákærði A var yfirheyrður á lögreglustöð að kvöldi 17. nóvember. Hann kvaðst hafa heimsótt meðákærða B fyrr um daginn í þeim tilgangi að fá hjá honum hass, en

meðákærði hefði átt von á því frá Hollandi og hringt til að láta ákærða vita að hassið væri komið. Að sögn ákærða hefði hann átt að fá 9 grömm og skyldu greiðast 3.000 krónur fyrir hvert gramm. Ákærði sagði að þegar hann hefði komið inn í umrædda íbúð hefði meðákærði rétt honum pappakassa, sagt að hassið væri í honum og að ákærði skyldi rífa hann upp. Ákærði hefði því opnað kassann, brugðið við að sjá hvítt efni í stað hass, því hlaupið út úr íbúðinni og verið handtekinn á næsta götuhorni.

Ákærði B var yfirheyrður sama kvöld. Hann kvaðst hafa mótttekið umræddan pakka um kl. 13 sama dag, greitt sendingarkostnaðinn og lagt pakkann inn í svefnherbergi. Ákærði tók fram að hann ætti ekkert í pakkanum og gat þess að 2-3 vikum áður hefði meðákærði A beðið hann um að veita póstsendingu móttöku, sagt að í henni yrðu tvær bækur og ákærði því sent honum upplýsingar um heimilisfang sitt með SMS skilaboðum. Að sögn ákærða hefði hann gert ráð fyrir því að meðákærði vildi ekki að pakkinn bærst heim til hans og D kærustu hans. Í kjölfar þessa hefði meðákærði ítrekað spurt um komu pakkans, ákærði því hringt í hann eftir móttökuna, um kl. 14, tilkynnt að sendingin væri komin og meðákærði sagst myndu koma að lokinni vinnu um kl. 18. Þegar meðákærði hefði komið hefði hann spurt hvort hann mætti opna pakkann heima hjá ákærða og ákærði rétt honum hníf í þessu skyni. Meðákærði hefði síðan opnað pakkann í viðurvist ákærða og C bróður hans, tekið tvo poka með hvítum pillum úr sitt hvorum helmingi umbúðanna, orðið hverft við þegar hann hefði nálgast seinni pokann og skipað ákærða að henda töflunum og umbúðunum. Að sögn ákærða hefði hann orðið hræddur við að sjá fíkniefni, tekið við hvoru tveggja af meðákærða, farið sjálfur með töflurnar inn í svefnherbergi sitt og hent þeim út um glugga, en rétt bróður sínum umbúðirnar og sagt honum að henda þeim. Það hefði C gert, meðákærði hlaupið á brott og ákærði farið á eftir til að spyrja hvað væri í gangi, en verið handtekinn á leið út úr íbúðinni. Ákærði gaf þá skýringu á aðkomu sinni að málinu að meðákærði hefði ætlað að hjálpa honum að gera við bifreið og því hefði ákærði ekki getað skorast undan að veita pakkanum viðtöku á heimili sínu.

Ákærðu voru 18. nóvember úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 8. desember. Í kjölfar kæru ákærða B til Hæstaréttar var varðhaldi hans markaður tími til 4. desember, en honum var sleppt úr haldi 30. nóvember. Ákærði A sætti gæsluvarðhaldi til 8. desember, en hefur síðan verið í farbanni, sem rennur á enda 6. júní næstkomandi.

IV.

Ákærði A gaf næst skýrslu 21. nóvember. Aðspurður kvaðst hann engu hafa við fyrri framburð að bæta, en í kjölfar þessa var yfirheyrslu hætt, eftir að ákærði sagði mann vera búinn að bora í höfuð hans og koma þar fyrir tæki, sem ylli minnisleysi. Í framhaldi gekkst ákærði undir geðrannsókn, sem unnin var af Tómasi Zoëga. Geðlæknirinn skilaði álitserð 29. nóvember og viðbótarálitum 7. desember og 14. janúar 2007, sem gerð verða skil í XII. kafla. Næst gaf ákærði lögregluskýrslu 8. desember og sagðist engu hafa við fyrsta framburð sinn að bæta. Í framhaldi var fjöldi spurninga beint til hans, en ákærði vék sér ávallt undan því að svara.

Ákærði var næst yfirheyrður 5. janúar og kvaðst þá vilja „segja allt um þetta mál“. Hann skýrði frá því að hann hefði farið til Hollands 10. október 2006 í viðskipta erindum fyrir föður D, sem tengdust kaupum á melónuskurðarvél í París, en einnig hefði hann ætlað að heimsækja móður sína í Haag. Að sögn ákærða hefði hann,

skömmu áður, verið staddur á kaffihúsi ásamt vini sínum Y og verið að segja honum frá ferðinni þegar X hefði borið að, spurt hvort hann mætti ekki fara með og beðið ákærða að leggja út fyrir flugfarseðli. Ákærði hefði sagt að hann ætti ekki handbært fé, en þá hefði X rétt honum peninga fyrir sínum flugmiða. Í framhaldi hefði D annast um farmiðakaupin á Netinu og notað eigið greiðslukort. Ákærði og X hefðu síðan flogið til Amsterdam, ákærði tekið á leigu bifreið í Haag og þeir ekið til Parísar daginn eftir til fundar við söluaðila nefndrar skurðarvélar. Þar hefði ákærði sinnt viðskiptum í tvo daga, X á meðan umgengist vini sína og þeir snúð til baka án þess að ákærði lyki samningi, en að beiðni X hefði vinur hans „Rasid Mati“, eða „Matti“, sem ákærði þekkti ekki, fengið að fljóta með til Amsterdam. Næstu daga á eftir hefði X iðulega farið frá Haag til Amsterdam til að hitta Matti og fleiri vini sína, en ákærði sjaldan slegist í för með honum. Einn daginn hefðu þeir þó farið saman og hitt Matti, tvo aðra stráka og stelpu; öll frá Frakklandi. Eftir setu á kaffihúsum og rölt um borgina hefði leið þeirra legið framhá símaklefa, síðla kvölds og X þá spurt hvort ákærði væri ekki reiðubúinn að hringja í meðákærða B og biðja um heimilisfang hans. Þetta hefði ákærði gert, fengið heimilisfangið gegnum SMS skilaboð og látið X í té þær upplýsingar. Ákærði hefði því næst haldið til Haag, en X gist hjá vinum sínum. Daginn eftir hefði ákærði skutlað X á starfsstöð Western Union í Haag, en þar hefði X mótttekið einhverja peninga frá Íslandi. Næstu nótt hefði X svo hringt úr heimasíma móður ákærða, meðal annars til Íslands og Bretlands, daginn eftir tilkynnt að hann væri á förum og því næst breytt flugi sínu til Íslands. Ákærði hefði dvalið áfram í nokkra daga, en flogið til Íslands 22. október samkvæmt áætlun. Hann kvaðst ekki hafa greitt fyrir uppihald X í ferðinni og þvertók fyrir að hafa rætt við meðákærða um að sá léti í té heimilisfang sitt fyrr en ákærði hefði hringt í hann úr nefndum símaklefa.

Ákærði greindi einnig frá því að nokkrum dögum eftir heimkomu hefði X hringt og beðið hann að hitta sig á kaffihúsi. Þar hefði X upplýst að hann ætti von á pakka frá Hollandi, sem myndi berast á heimilisfang meðákærða B. X hefði ekki viljað upplýsa hvað væri í pakkanum, en bent ákærða á að hann skuldaði X 300.000 krónur frá gamalli tíð, yrði því að gera X greiða og þá yrði skuldin felld niður, en ella myndi X drepa hann. Ákærði gat þess að stúlka á nálægu borði, „E“ eða „E“, hefði heyrt þau orð og sagt: „Nobody kills nobody in Iceland“. Ákærði hefði í framhaldi spurt hvað hann þyrfti að gera og X skipað honum að hringja til Hollands í Rasid Matti og segja honum að senda meðákærða pakkann. Einnig þyrfti ákærði að sækja pakkann, þá er hann bærast meðákærða, opna pakkann, taka úr honum þrjá plastpoka og færa X. Í kjölfar þessa hefði ákærði ítrekað hringt í Matti, vegna eilífrar pressu frá X, sem í eitt skipti hefði sjálfur farið með meðákærða á pósthús til að kanna hvort pakkinn væri kominn og loks hefði Matti sent ákærða SMS skilaboð með farmnúmeri pakkans. Að sögn ákærða hefði hann tilkynnt X um skilaboðin og X komið til hans, á meðan Y hefði verið í heimsókn og hann og ákærði verið að horfa á bíómynd. Ákærði hefði sýnt X númerið, X þá spurt hvort ekki væri tölva á heimilinu, ákærði afhent honum tölvu D og X horfið með hana upp á efri hæð íbúðarhússins. Þar hefði X dvalið einn í nokkrar klukkustundir, en síðan komið niður, spjallað við ákærða og því næst horfið á braut. Nokkrum dögum síðar hefði meðákærði hringt og tilkynnt að pakkinn væri kominn, ákærði farið heim til hans að lokinni vinnu, opnað pakkann og rífið sundur helming umbúðanna, en á meðan hefði meðákærði rífið hinn helminginn í sundur. Í hvorum helmingi hefði leynst einn plastpoki. Að sögn ákærða hefði hann haft á orði að einn poka vantaði, hann því leitað betur í umbúðunum, séð tölvukubb og orðið hræddur, fleygt öllu frá sér, hlaupið í burtu og verið handtekinn fyrir utan húsið.

Ákærði var loks yfirheyrður 12. febrúar og kvaðst þá engu hafa við síðasta framburð að bæta. Hann var í kjölfarið spurður fjölmargra spurninga, án þess að umtals verð breyting yrði á frásögn hans af atburðum.

V.

Ákærði B gaf sína aðra skýrslu 22. nóvember. Hann kvaðst vera búinn að skýra frá atvikum sannleikanum samkvæmt, en bætti því við að meðákærði A hefði verið í Amsterdam þegar hann hefði hringt, sagt að hann myndi senda pakka með tveimur bókum til ákærða og því þyrfti meðákærði að fá uppgefið nafn hans og heimilisfang gegnum SMS. Ákærði kvaðst ekki hafa átt að fá borgun fyrir þennan greiða, aðra en aðstoð við áðurnefnda bílaviðgerð. Hann kvaðst ekki þekkja meðákærða mikið og sagði sig aldrei hafa grunað að sendingin væri tengd fíkniefnamisferli. Nánar aðspurður greindi ákærði frá því að meðákærði hefði skorið pakkann í tvennt í stofu íbúðarinnar, lagt annan hluta umbúðanna frá sér, en rífið hinn hlutann upp og tekið úr honum poka með hvítum töflum. Því næst hefði meðákærði opnað hinn hlutann og öskrað „hendið þessu, hendið þessu“. Í framhaldi hefði ákærði tekið við báðum pokum og hent þeim út um svefnherbergisglugga sinn. Ákærði mótmælti framburði meðákærða þess efnis að ákærði hefði rétt honum pakkann og sagt honum að opna hann, sagði pakkann hafa legið óhreyfðan í svefnherberginu uns meðákærði hefði sótt hann og sagði alrangt að meðákærði hefði komið í þeim erindagjörðum að kaupa hass.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi 30. nóvember og staðfesti efni lögregluskýrslna frá 17. og 22. nóvember. Kom ekkert nýtt fram í frásögn hans, annað en að meðákærði og hann væru góðir vinir, að meðákærði hefði hringt því sem næst á hverjum degi til að forvitnast um komu pakkans, meðákærði verið ánægður á svip þegar hann hefði rífið sundur fyrri einingu pakkaumbúðanna, en sá svipur breyst er hann hefði rífið sundur seinni eininguna, meðákærði þá orðið hræddur og hlaupið út úr íbúðinni.

Ákærði hélt fast við fyrri framburð við yfirheyrslu 13. febrúar 2007 og áréttaði að hann hefði fyrst heyrt af póstsendingu bókana tveggja þegar meðákærði hefði hringt í hann frá Amsterdam. Hann kvað enga aðra hafa hringt til að forvitnast um pakkasendinguna, en staðfesti að „Jonas“ vinur meðákærða hefði komið til hans um miðjan nóvember og ekið ákærða á pósthús, í kjölfar tilkynningar um póstsendingu, sem síðan hefði reynst vera venjulegt bréf. Kvaðst ákærði áður hafa hringt í meðákærða vegna nefndrar tilkynningar, haldið að þar gæti pakkinn verið á ferð, en meðákærði líklegast ekki komist frá vegna vinnu og því sent umræddan Jonas í sinn stað.

VI.

C gaf skýrslu sakbornings 17. nóvember. Hann kvaðst hafa verið að leika sér í PlayStation með ákærða B í svefnherbergi þeirra þegar ákærði A hefði komið í heimsókn, sest inn í stofu ásamt ákærða B og þeir byrjað að opna einhvern pakka. Að sögn C hefði forvitnin leitt hann til þeirra og hann séð ákærðu halda á tveimur einingum eða plötum úr pappi. Ákærði A hefði rist á aðra eininguna, tekið út poka, ánægður á svip og nefnt einhverja tölu, jafnvel „500“. Þegar ákærðu hefðu verið nýbúnir að rista gat á hina eininguna og ákærði A haldið á tveimur pokum hefði

hann orðið afar órólegur, skellt pappanum saman og skipað C að henda honum út fyrir hús. Það hefði C gert, hent pappanum yfir á næstu lóð og þegar hann hefði snúið til baka hefði ákærði A verið farinn og ákærði B virst á leiðinni út. Skömmu síðar hefðu hann og aðrir verið handteknir af lögreglu.

Við skýrslugjöf fyrir dómi 18. nóvember greindi C frá atburðum á sama veg og staðfesti jafnframt lögregluskýrslu sína. Einnig kom fram að ákærði A hefði rifið upp einingarnar tvær, en á meðan hefði ákærði B verið að skoða bók.

VII.

X var handtekinn í þágu málsrannsóknar 6. desember, daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald til 22. desember og sat í haldi til 14. þess mánaðar. Við yfirheyrslu 7. desember greindi X frá því að hann hefði farið til Hollands í október með góðvini sínum ákærða A, í því skyni að heimsækja móður ákærða og dvelja með henni á Ramadan hátíð múslima. X kvað ákærða hafa boðið honum til Hollands, sagðist ekki vita um annað erindi ákærða til útlanda og kvað þá hafa varið tíma sínum með fjölskyldu ákærða. Hann kvaðst ekkert vita um póstsendinguna á heimili ákærða B og ekki þekkja þann mann, en þó hafa rekist á hann í fylgd ákærða A og einu sinni hefði X skutlað ákærða A heim til hans. X kvaðst vera atvinnulaus og gista hjá Hjálpræðishernum, en áður hefði hann búið heima hjá nafngreindri vinkonu sinni.

X hélt fast við fyrri frásögn við yfirheyrslu 12. desember, nefndi að ákærði A hefði leigt bílaleigubíl í Haag, þeir varið tíma með fjölskyldu ákærða og farið 4-5 sinnum á bílaleigubílnum til Amsterdam, að fyrirlagi ákærða og í nokkur skipti heimsótt þar vin ákærða, sem heiti „Yasin“. Ákærði og Yasin hefðu talað saman á hollensku og X því ekki vitað hvað þeim fór á milli. Að sögn X hefði hann síðan verið „orðinn þreyttur á þessu“ og viljað komast heim til Íslands og því hefði hann breytt ferðaáætlun sinni og farið heim á undan ákærða. Sem fyrr kvað X ákærða hafa boðið honum til Hollands, en að auki hefði ákærði greitt allan upphaldskostnað þeirra, enda X ekki átt neina peninga. Þegar X var spurður hvort þeir hefðu ferðast til annarra borga óskaði hann eftir hléi til að ráðfæra sig við verjanda, en í kjölfarið kvaðst hann vilja breyta frásögn sinni og skýra satt og rétt frá sínum þætti í málinu. Í framhaldi greindi X frá því að ákærði hefði haft samband við hann fyrir Hollandsferðina, beðið um aðstoð við að koma fjórum svörtum, fölskum 500 evru seðlum í verð á erlendri grund og lofað X 1.500.000 krónum í þóknun fyrir slíka hjálp, auk utanlandsferðarinnar og greiðslu upphaldskostnaðar. Þegar þeir hefðu komið til Hollands, 10. október, hefði ákærði leigt bílaleigubíl og þeir ekið til Frakklands til fundar við vini X, sem skoðað hefðu viðkomandi evruseðla og sagt að einhvern vökva vantaði til að breyta þeim í nothæfan gjaldmiðil. Eftir þrjá daga í Frakklandi hefði X verið búinn að fá nóg og viljað komast aftur til Íslands. Þeir hefðu því ekið til Hollands, ákærði breytt flugmiða X og hann flogið heim til Íslands. Þegar ákærði hefði síðan verið kominn heim hefði hann einhverju sinni haft samband og sagst vilja gera upp skuld sína við X, nefndi að hann ætti von á pakka með 1.000-1.500 töflum og hefði spurt hvort X gæti aðstoðað við að finna kaupendur að töflunum. Ákærði hefði í framhaldi oft talað um að pakkinn væri á leiðinni, að hann myndi fara heim til ákærða B og þá fengi X greidda þóknun sína vegna fölsku peningaseðlanna. Sökum þessa hefði X ekið ákærða A allt að fimm sinnum heim til ákærða B og í eitt skipti farið þangað einn og spurt hvort einhver pakki væri kominn. X hefði síðar frétt frá D að ákærði A hefði verið handtekinn, en

X hefði farið þrívégis heim til hennar í því skyni að forvitnast um ákærða. Nánar aðspurður um töflunar gat X þess að ákærði A hefði sagt honum frá því að þegar þeir hefðu í eitt skipti heimsótt „Yasin“ vin ákærða A í Amsterdam, hefðu ákærði og Yasin rætt um að senda þessi efni til Íslands. X var kynnt að í farsíma hans hefði fundist símanúmer ákærða B. Hann kvaðst í framhaldi hafa fengið númerið hjá ákærða A á meðan þeir hefðu verið í Hollandi, í kjölfar þess að ákærði hefði hringt í ákærða B og fengið sent nafn hans og heimilisfang. Að sögn X hefði hann átt að hafa samband við ákærða B þegar X kæmi heim og færa honum þau skilaboð frá ákærða A að fara varlega. Það hefði X gert og sagði það skýra símtöl milli hans og ákærða B 19.-20. október. Aðspurður játti X því að ganga einnig undir nafninu „Jonas“.

X var yfirheyrður þriðja sinni 11. janúar 2007 og kvaðst þá engu hafa við fyrri framburð að bæta. Aðspurður gat hann þess að ákærði A hefði heimsótt hann 2-3 dögum fyrir Hollandsferðina og boðið honum með, minnst á peningaseðlana við sama tækifæri, heimsókn til móður sinnar vegna Ramadan og einhverja vél, sem hann hefði ætlað að kaupa í Frakklandi fyrir föður D. X kvað rangt að hann hefði sótt peninga til Western Union meðan á ferðinni stóð, sagðist hafa verið með 10 evrur í farareyri, en ákærði hefði greitt allan upphalds- og ferðakostnað þeirra. Þá hefðu hann og ákærði ávallt verið saman í ferðinni og gist allar nætur á heimili móður ákærða í Haag. Hann kvaðst því vita að ákærði hefði aldrei skoðað neinar vélar og sagði þá hafa varið öllum tíma sínum í Frakklandi við að reyna að koma peningaseðlunum í verð. Þegar þeir hefðu síðan snúið aftur til Hollands hefði vinur ákærða „Yasin Matti“, fengið far með þeim, en Matti þessi hefði verið í heimsókn í Frakklandi hjá vinum X. Fram kom í máli X að þegar væntingar hefðu brugðist með fölsku peningaseðlana hefðu vinir hans boðið honum að fá í staðinn 240 grömm af kókaíni til að smygla til Íslands, en X hefði hafnað því. Ákærði og Matti hefðu hins vegar farið að stinga saman nefjum og þeir talað saman á hollensku alla leiðina til Amsterdam, þar sem Matti hefði átt heima. Tveimur dögum síðar hefðu X og ákærði þekkt matarboð hjá Matti og ákærði þá fært í tal hvort X þekkti einhverja á Íslandi, sem gætu tekið á móti fíkniefnasendingu. X hefði sagt þvert nei og ekki viljað taka þátt í neinu slíku. Í framhaldi hefði ákærði hringt í ákærða B úr símaklefa, fengið SMS skilaboð til baka og afhent Matti viðkomandi upplýsingar. Að kvöldi næsta dags hefðu þeir tveir heimsótt Matti að nýju og hann þá komið með poka fullan af e-töflum, eða um 2.500-3.000 stykki. Matti hefði síðan sýnt þeim hvernig ætti að pakka slíkum töflum. Lýsti X því þannig að Matti hefði verið með „vakumpökkunarvél“ og svartan pappír, sem hann hefði sett utan um pokana og því næst klætt allt saman með einhverjum pappa. Að sögn X hefðu Matti og ákærði sama kvöld handsalað samning um að svipuð sending yrði pósthöfð og send ákærða B. Við svo búið hefðu ákærði og X snúið aftur til Haag, sá fyrirnefndi glaður í bragði, en X svo reiður að hann hefði beðið ákærða að breyta flugmiða sínum og farið heim til Íslands á undan ákærða. Aðspurður kvaðst X þess fullviss að hann hefði ekkert hitt ákærða á tímabilinu 15.-17. nóvember 2006, í það minnsta hefði hann ekki heimsótt ákærða og D á því tímabili og ekki farið í neina tölvu til að athuga komutíma umræddrar póstsendingar. Aðspurður staðfesti X að hafa farið í eitt skipti heim til ákærða B og ekið honum á pósthús, að beiðni ákærða A, til að sækja einhverja póstsendingu, sem hefði reynst vera bréf.

X gaf næst skýrslu sem vitni fyrir dómi 26. mars 2007. Hann greindi frá aðdraganda að ferðinni til Hollands með svipuðum hætti og við yfirheyrslu 11. janúar, fölsku peningaseðlunum, þóknuninni til hans og því að ákærði hefði hringt

úr símaklefa í ákærða B, en það hefði verið út af einhverjum pakka. X hefði svo farið heim á undan ákærða A og flutt ákærða B þau skilaboð að ákærði A myndi senda honum einhvern pakka. Þegar ákærði A hefði snúið til baka hefði X umgengist hann talsvert, spurt um þóknun sína og ákærði sagt honum að vera rólegur því pakkinn væri á leiðinni og þá fengi hann greiddar þessar 1.500.000 krónur. X áréttaði að ákærði A hefði boðið honum í utanlandsferðina og greitt allan upphaldskostnað, en um lágar fjárhæðir hefði verið að tefla, þar sem þeir hefðu ávallt borðað og gist hjá móður ákærða. Þá hefði ákærði látið hann hafa 10 evrur í vasapening, en aðra fjármuni hefði X ekki haft í ferðinni.

VIII.

F gaf tvær skýrslur sakbornings, 30. nóvember og 7. desember. Þá gaf D vitnaskýrslur 28. nóvember og 2. desember og G faðir hennar gaf skýrslu vitnis 31. janúar. Sömu einstaklingar báru vitni fyrir dómi og verður frásögn þeirra því rakin síðar. Þó skal þess getið að G kvaðst hafa fjármagnað ferð ákærða A og X til Hollands, hverrar tilgangur hefði verið að kaupa ávaxtahnífa fyrir fyrirtæki G, en að sögn ákærða hefði X átt að vera í góðum viðskiptasamböndum í ávaxtageiranum.

Y gaf skýrslu vitnis 10. janúar. Hann kvaðst hafa unnið með ákærða A við dyravörslu og hafa kynnst honum þannig. Samband þeirra væri þó ekki mikið, en þó hittust þeir stundum á götu úti eða á kaffihúsum. Y kvaðst muna eftir að ákærði hefði í eitt skipti hringt í hann frá Kaffi París, líklega í lok september eða byrjun október 2006, en síðast hefði Y hitt hann í kringum jólin og þá lánað honum pening. Y játti því að hafa farið til fundar við ákærða á Kaffi París, að öllum líkindum 4. október og þeir spjallað um líkamsárásarmál, sem Y hefði sætt ákæru fyrir og ákærði borið vitni í. Hann kvaðst ekki muna til þess að einhver hefði komið að máli við þá á kaffihúsinu, en minntist þess að ákærði hefði vinkað til einhvers fólks á öðru borði. Y neitaði því að ákærði hefði rætt við hann um fyrirhugaða Hollandsferð og sagðist ekki hafa séð hann taka við peningum frá þriðja aðila. Hann kvaðst ekki vita hvort hann hefði farið heim til ákærða 16. nóvember, en einhvern tíma eftir 17. október hefði hann heimsótt ákærða og spjallað við hann í um það bil eina klukkustund, en ekki hefðu þeir horft á bíómynd á meðan. Aðspurður hvort einhver annar hefði verið í heimsókn hjá ákærða eða komið þangað á sama tíma minntist Y á mann, sem hann kallaði „snake“, en sá væri „lítill arabalegur strákur“ og hefði setið eitthvað hjá þeim að spjalli. Hann kvaðst ekki hafa séð mann þennan fara í tölvu á heimili ákærða.

IX.

Fyrir dómi lýsti ákærði A sig saklausan af ákæru. Hann kvaðst hafa farið til Hollands til að heimsækja móður sína í Haag og til að sinna viðskiptaerindum fyrir föður D kærustu sinnar í Hollandi og Frakklandi. X hefði slegist með honum í þessa för. Ákærði hefði leigt bifreið í Hollandi og þeir ekið til Frakklands, en ekki hefði orðið af fyrirhuguðum kaupum á skurðarvél. Á meðan ákærði hefði kannað slíkar vélar hefði X heimsótt vini sína og þegar þeir hefðu snúið til baka hefði „Rasid Matti“, vinur X, fengið far með þeim til Amsterdam. Næstu daga á eftir hefðu ákærði og X gist heima hjá móður ákærða, en X þess á milli umgengist vini sína mikið. Eftir heimkomu til Íslands hefði ákærði svo hitt X á kaffihúsi og X sagt að einhver pakki væri á leiðinni til Íslands. Jafnframt hefði hann minnt ákærða á

gamla skuld að fjárhæð 300.000 krónur og gefið honum tvo valkosti, að aðstoða X vegna pakkans og þá félli skuldin niður eða borga innan viku, en ellegar myndi X drepa hann. Í framhaldi hefði X skipað honum að fara heim til meðákærða B, opna þar pakkann, taka úr honum þrjá poka, með bókum eða jafnvel fatnaði í, og færa X. Sagði ákærði að vitni hefði heyrt umrædda morðhótun, sem ákærði hefði tekið mjög alvarlega.

Ákærði kvað D hafa greitt fyrir flugmiða hans og X með greiðslukorti sínu. Faðir hennar hefði síðan ætlað að endurgreiða henni kostnað vegna ákærða, en X átt að greiða síðar fyrir sig. Á meðan á ferðinni stóð hefði hvor þeirra um sig hins vegar séð um eigin upphaldskostnað. Hann áréttaði að X hefði sótt einhverja peninga til Western Union í Haag og ákærði ekið honum þangað í því skyni. Ákærði kvað aldrei hafa verið rætt um fikniefni í ferðinni og hann aldrei hafa hugsað um slík efni, hvað þá notað þau nokkru sinni. Hann kvað rétt að hann hefði hringt í með ákærða frá Amsterdam 16. október og mótttekið fullt nafn hans og heimilisfang gegnum SMS skilaboð, sagðist hafa gert þetta að beiðni X og sagt meðákærða að X ætlaði að senda honum bók eða föt eða eitthvað þvíumlíkt. Ákærði kvað og rétt að hann hefði síðan mótttekið SMS skilaboð frá Matti 15. nóvember, með farmnúmeri viðkomandi pakkasendingar, en ákærði hefði áður verið í símasambandi við þann mann að skipun X og ákærði komið sömu skilaboðum til X, án þess að vita nokkuð um innihald pakkans.

Nánar aðspurður um hraðpóstsendinguna kvaðst ákærði hafa verið að vinna þegar meðákærði hefði hringt og tilkynnt að pakkinn væri kominn. Í framhaldi hefði ákærði reynt án árangurs að ná sambandi við X, en síðan farið heim til meðákærða um kl. 18. Þar hefði meðákærði sýnt honum pakkann. Ákærði var tvísaga um hvort hann hefði opnað pakkann aleinn eða meðákærði rist upp einn hluta umbúðanna, en í þeim hefðu verið hvítar pillur í tveimur pokum. Að sögn ákærða hefði hann haft á orði að pokarnir ættu að vera þrír. Hann kvaðst ekkert hafa vitað hvaða efni þetta væru, en sér hefði verið illa brugðið, hann séð tölvukubb og orðið hræddur, afhent meðákærða pakkann, sá látið bróður sinn hafa hann, en ákærði hlaupið út og verið handtekinn um einn metra frá útidyrnunum. Hann kvað alrangt að hann hefði farið að svefnherbergisglugga meðákærða og verið þar að bogra yfir einhverju.

Þegar ákærði var spurður af hverju hann hefði ekki greint frá staðreyndum málsins strax í upphafi lögreglurannsóknar kvaðst hann hafa verið „í sjokki“ og á tímabili hafa misst minnið á meðan hann hefði setið í gæsluvarðhaldi. Hann kvað rétt eftir sér haft við yfirheyrslu á lögreglustöð 17. nóvember, en sagðist hafa skáldað framburð sinn um kaup á hassi „í sjokki“. Hann kvaðst einnig hafa verið „í sjokki“ þegar hann hefði staðfest þann framburð við yfirheyrslu 21. nóvember og 8. desember, vissi þá ekki hver hann væri eða hvað væri í gangi.

X.

Ákærði B bar af sér allar sakir fyrir dómi. Hann skýrði aðkomu sína að málinu á þann veg að meðákærði, sem væri góður vinur hans, hefði hringt í hann frá Hollandi og spurt hvort hann mætti senda tvær bækur á heimilisfang ákærða. Að sögn ákærða hefði hann talið að meðákærða þætti einhverra hluta vegna erfitt að senda sömu bækur heim til sín og D kærustu sinnar og því hefði hann svarað játandi og sent meðákærða fullt nafn sitt og heimilisfang með SMS skilaboðum. Ákærði kvaðst svo ekki hafa heyrt frekar frá meðákærða fyrr en eftir heimkomu.

Umræddur pakki hefði síðan borist um kl. 13 föstudaginn 17. nóvember, ákærði greitt sendingarkostnaðinn, lagt pakkann inn í svefnherbergi sitt, hringt í með ákærða og tilkynnt honum um móttökuna. Meðákærði hefði sagst vera í vinnu, en myndi koma heim til ákærða um kl. 18, sem hann hefði og gert, en þá hefðu ákærði og C bróðir hans verið að leika sér í Play Station. Ákærði hefði náð í pakkann, afhent meðákærða hann í stofu íbúðarinnar og lánað honum hníf til að opna hann. Meðákærði hefði því næst rist pakkann í tvennt, afhent ákærða aðra eininguna og ákærði verið „í sjokki“ þegar hann hefði séð innihaldið og áttað sig á því að um fikniefni væri að tefla. Meðákærði hefði einnig verið „í sjokki“ og hann virst undrandi eftir að hafa opnað báðar einingarnar, sagt ákærða að henda umbúðunum, ákærði afhent C þær og sagt honum að henda þeim. Þá hefði meðákærði afhent ákærða tvo poka með pillum í og ákærði hent þeim út um svefnherbegisglugga. Í framhaldi hefðu þeir verið handteknir. Ákærði kvaðst ekki hafa átt að fá neina þóknun fyrir móttöku pakkans, en staðfesti að meðákærði hefði í staðinn ætlað að hjálpa honum að gera við bifreið hans. Hann kvaðst og rétt að meðákærði hefði næstu daga á undan verið að koma heim til hans og spyrja hvort pakkinn væri kominn. Meðákærði hefði einnig hringt, nánast á hverjum degi, til að forvitnast um komu pakkans. Ákærði áréttaði að hann hefði aldrei grunað að um fikniefni væri að ræða fyrr en meðákærði hefði opnað pakkann og pillurnar komið í ljós. Ákærði kvaðst ekki þekkja X, en staðfesti að sá hefði eitt sinn ekið honum á pósthús, fyrir tilstilli meðákærða, á meðan pakkinn hefði verið ókominn, en í það skipti hefði komið í ljós að ákærða beið einungis bréf.

XI.

X bar vitni við aðalmeðferð málsins. Hann kvað ákærða A hafa boðið honum með í Hollandsferðina, en sagðist ekki muna hvort hann hefði átt að endurgreiða ákærða síðar eður ei. Tilgangur ferðarinnar hefði verið að heimsækja móður ákærða í Haag og dvelja hjá henni yfir Ramadan og einnig sá að koma svörtum peningaseðlum ákærða í verð í París, gegnum vini X, en fyrir þá aðstoð hefði ákærði átt að greiða X 1.500.000 krónur. Þeir hefðu leigt bíl í Hollandi, ekið til Frakklands, hitt vini X út af svörtu peningunum og kynnst þar „Yasin Matti“, sem hefði verið í vinfengi við vini X. Þegar ljóst hefði orðið að ekki væri unnt að breyta svörtu peningunum í raunverulega peningaseðla hefðu vinir X boðið honum 240 grömm af kókaíni í sárabætur til að smygla til Íslands, en hann hafnað því. Í framhaldi hefðu hann og ákærði ekið Matti heim til sín í Amsterdam, hann síðar boðið þeim í heimsókn, sýnt þeim um 2.500 töflur af fikniefnum, sýnt þeim hvernig ætti að pakka slíkum töflum til flutnings milli landa og boðið þeim slíkar töflur til að græða eitthvað á ferðinni eftir vonbrigðin með fölsku peningaseðlana, en áður hefðu X og ákærði rifist vegna þóknunar X. Sjálfur kvaðst hann hafa synjað boði Matti, en sá hefði rætt við ákærða á hollensku og því vissi X ekki hvað þeim tveimur hefði farið í milli. X kvaðst einnig hafa verið ákærða reiður eftir heimkomuna, enda hefði hann tekið á sig mikla áhættu út af svörtu peningunum og ákærði ekki viljað borga umsamda þóknun. X hefði því ekki viljað vita meira um allt þetta rugl og því hefði hann haft meira og minna slökkt á farsíma sínum. Aðspurður kvaðst X ekki þekkja ákærða B, en þó hafa hitt hann og einu sinni ekið honum á pósthús, að beiðni ákærða A, til að sækja venjulegt bréf. X neitaði því alfarið að hafa hóttað ákærða A, sagði ákærða ekki hafa skuldað honum krónu, enda ætti X enga peninga og lifði á fjárstuðningi bróður síns, annarra ættingja og vina hér á landi. Aðspurður kvaðst hann muna eftir að ákærði A hefði hringt í ákærða B úr símaklefa í Amsterdam og sagt honum að einhver pakki myndi koma til hans. X kvaðst ekki hafa átt neitt frumkvæði að því

símtali og aðeins hafa fengið uppgengið símanúmer ákærða B, til þess að geta hringt í ákærða eftir að X kæmi heim til Íslands og flutt honum þau skilaboð frá ákærða A að einhver pakki myndi berast heim til ákærða B. Sökum þessa hefði X síðar hringt í hann í 2-3 skipti. X staðhæfði sem fyrr að hann og ákærði A hefðu verið saman öllum stundum meðan á utanlandsferðinni stóð og sagði rangt að hann hefði hringt úr heimasíma móður ákærða. Þá neitaði hann því að hafa notað tölvu D á heimili hennar og ákærða 16. nóvember, kannaðist við að hafa heimsótt D eftir handtöku ákærða, en sagði hana misskilja hann algerlega með erindi sitt þangað.

D bar fyrir dómi að X hefði heimsótt hana fjórum sinnum eftir handtöku ákærða A, hann þótt ekkert vita um ástæðu handtökunnar en spurt meira og meira um gang rannsóknarinnar og haft á orði að það hefði átt að senda einhverjar stelpur með fíkniefni í stað bókasendingar, en þær hefðu „klikkað“ og engin efni borist. Nafn ákærða hefði ekki borið á góma í þessu samhengi. D kvaðst hafa verið að vinna allan 16. nóvember og því hefði hún ekki notað tölvu á heimili sínu og ákærða þann dag.

G bar fyrir dómi að ákærði A hefði unnið fyrir fyrirtæki G, sem heiti Ö ehf. og starfi á sviði pökkunar í grænmetis- og ávaxtageiranum. Hann kvað ákærða hafa farið í umrædda utanlandsferð á vegum fyrirtækisins til að afla viðskiptasambanda og til að kaupa ávaxtaskurðarvél. G hefði greitt ferðina og lagt til þess fjármuni inn á greiðslukort dóttur sinnar, sem væri meðeigandi að Ö. Hann kvaðst einnig hafa greitt ferðakostnað „frændans“ X, en sá hefði átt að hafa haft svo góð viðskiptasambönd í ávaxtageiranum vegna tengsla sinna við Marokkó. G bar að ákærði hefði fundið hina fullkomnu skurðarvél í Amsterdam og komið heim með bæklinga, en ekki hefði orðið af kaupum, meðal annars vegna þessa máls.

Er bar fyrir dómi að hún hefði verið stödd á kaffihúsi í Kringlunni síðastliðið haust og séð ákærða A, sem hún kannaðist lítilliga við, sitja við næsta borð. Ákærði hefði verið að rífast við mann, sem E staðfesti að væri X Hadoudi og bar að hún hefði heyrt X hóta ákærða barsmíðum eða lífláti. Að sögn E hefði hún annars ekki heyrt orðaskil, en sökum nefndra hótana hefði hún kallað til X að hér á landi væri ekki til síðs að hóta fólki.

F bar fyrir dómi að hann hefði verið á förum frá [...], á leið til vinnu, þegar hann hefði hitt X við útidyratröppur og X spurt hvort einhver póstur hefði borist. Í kjölfar þessa hefði X farið að gramsa í poka hjá „póstkonunni“ við útidyrnar. F kvaðst ekki muna hvaða dag þetta hefði verið, en það hefði verið skömmu fyrir handtöku ákærða B.

C kom fyrir dóm við aðalmeðferð, en skoraðist undan að bera vitni í málinu. Hann kvaðst þó vilja staðfesta réttmæti framburðarskýrslna sinna 17. og 18. nóvember 2006.

H, móðir ákærða B, bar fyrir dómi að hún hefði tekið á móti ákærða A föstudaginn 17. nóvember og vísað honum inn í svefnherbergi ákærða B. Þeir hefðu síðan fært sig yfir í stofuna, en hún, eiginmaður hennar og bróðir setið að spjalli í holi fyrir framan og séð inn í stofuna. H kvaðst ekki hafa tekið eftir neinu óeðlilegu í fari ákærðu og sagðist ekki hafa veitt því athygli að ákærði A hefði horfið burt af heimilinu í skyndingu, en hann hefði dvalið þar í um það bil 15 mínútur.

I, systir ákærða A, gaf skýrslu vitnis gegnum síma, en hún er búsett í Haag. Hún kvaðst hafa verið hjá móður þeirra yfir Ramadan í október 2006, sagðist muna eftir heimsókn ákærða og X, kvað X iðulega hafa verið á flakki á meðan ákærði hefði dvalið í faðmi fjölskyldunnar og X stundum gist annars staðar. Þá kvaðst hún hafa heyrt X hringja úr heimsíma fjölskyldunnar, ýmist tala á íslensku eða arabísku og hún því ekki skilið efni símtalanna, en þó hefði hún heyrt hann minnst á bæði Bretland og Frakkland.

Y bar fyrir dómi að hann hefði heimsótt ákærða A einhvern tíma í nóvember 2006, ef til vill um miðjan mánuð og komið til hans upp úr kl. 13 þann dag. Á meðan þeir hefðu setið að spjalli hefði maður komið í heimsókn, sem Y hefði jafnvel talið vera frænda ákærða og hefði sá maður gengið undir viðurnefninu „snake“. Kvaðst Y hafa séð sama mann fyrir utan dómsalinn og benti í framhaldi á mynd af X í framlögðu myndasafni lögreglu. Maður þessi hefði eiginlega ekkert verið hjá ákærða og Y, heldur annars staðar í húsinu. Að sögn Y hefði hann svo farið heim laust fyrir kvöldmat, líklega milli kl. 18:30 og 19. Þegar Y var kynnt að vitnisburður hans fyrir dómi samrýmdist ekki frásögn hans hjá lögreglu bar Y fyrir sig að viðkomandi lögreglumaður hefði haft í hótunum við hann og gefið í skyn að hann væri „plantað“ vitni af hálfu ákærða, en sökum þessa hefði Y gert eins lítið og hann gat úr staðreyndum málsins. Í framhaldi kvað hann framburð sinn fyrir dómi vera réttan, en staðfesti einnig að hann hefði ekki orðið var við að nefndur X hefði komið að máli við ákærða á kaffihúsi í byrjun október og hann rétt ákærða peninga. Y tók þó fram að hann legði ekki í vana sinn að hlusta á samtöl félaga sinna við aðra og áréttaði að lögregla hefði hótad honum við skýrslugjöfina 10. janúar.

Þórbjörn Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður tók umrædda vitnaskýrslu af Y, að viðstöddum Þórbirni Val Jóhannssyni rannsóknarlögreglumanni. Fyrir dómi mótmæltu þeir áburði Y um hótanir í hans garð. Þórbjörn kvaðst muna afar vel eftir nefndri skýrslugjöf og sagði alrangt að manningnum hefði verið hótad eða hann sætt nokkurs konar þvingun af hálfu lögreglu. Þórbjörn greindi einnig frá því að hann hefði tekið þátt í aðgerðum lögreglu fyrir utan [...], hann setið í bifreið nálægt húsinu og annast lifandi hlustun gegnum hlerunarbúnað í umræddum pakka, en ekki hefði reynst unnt að taka neitt upp. Að sögn Þórbjörns hefði heyrst mikið skjáf þegar ákærði B hefði mótttekið pakkann, en síðan hefði ekkert hljóð borist í langan tíma, fyrir utan óm af tónlist og samtölum fólks. Í kjölfar komu ákærða A hefði heyrst gríðarlegt skjáf, eins og verið væri að rífa umbúðir utan um pakkasendinguna, því næst hefði allt dottið í dúnalogn og þá hefði lögregla látið til skarar skriða. Þórbjörn kvaðst ekki hafa tekið þátt í þeirri aðgerð og gat því ekki borið um handtöku ákærðu. Hann staðfesti að hafa ýmist yfirheyrt ákærða A í kjölfar gæsluvarðhaldsúrskurðar eða verið vottur að skýrslugjöf hans. Að sögn Þórbjörns hefðu nefndar yfirheyrslur verið „ansi skrautlegar“, en eftir fullkomið minnisleysi og tal um einhvern, sem væri að bora í höfuð ákærða, hefði ákærði endurheimt minni sitt fullkomlega 5. janúar og borið um málsatvik, eins og hann væri búinn að kynna sér gögn málsins. Þórbjörn kvað ákærða B á hinn bóginn hafa verið einkar samvinnuþýðan frá upphafi málsrannsóknar og hefði frásögn hans ávallt verið stöðug.

Karl Eyjólfur Karlsson rannsóknarlögreglumaður bar fyrir dómi að hann hefði komið umræddum gerviefnum og hlerunarbúnaði fyrir í pakkasendingunni og í framhaldi annast lifandi hlustun ásamt Þórbirni Sigurðssyni. Hann bar með líkum

hætti og Þórbjörn um þá hlustun og kvaðst einnig hafa séð tvo lögreglumenn handtaka ákærða A fyrir utan umrætt hús, en þó ekki áður hafa séð ákærða bogra fyrir utan glugga. Þá hefði Karl Eyjólfur tekið þátt í aðgerðum lögreglu innandyra og bar að hann hefði rætt við C og sá greint frá því að ákærði A hefði rífið sundur umbúðirnar, C séð töflur í einum plastpoka og ákærði sagt að annað eins magn væri í hinni einingunni. Skömmu síðar hefðu báðir ákærðu orðið órólegir og sagt C að henda umbúðunum.

Ævar Pálmi Pálmason rannsóknarlögreglumaður bar fyrir dómi að hann hefði tekið þátt í skyggingu umrædds pakka og handtöku ákærða A. Hann fullyrti að ákærði hefði gengið frá húsinu að næstu gatnamótum, virst vera að tala í síma, snúið til baka og farið að kjallaraglugga á suðurhlið hússins, þar sem ákærði hefði bankað á glugga, kallað inn í íbúðina og verið að bogra við opnanlegt gluggafag. Að sögn Ævars Pálma hefði hann nálgast ákærða og kallað til hans „lögregla“ og „police“, ákærði þá stökkið frá glugganum upp á gangstétt og ætlað að taka á rás, en verið handtekinn samstundis.

XII.

Svo sem áður greinir gekkst ákærði undir geðrannsókn hjá Tómasi Zoëga geðlækni. Tómas kom fyrir dóm vegna málsins og staðfesti álitserðir sínar 29. nóvember og 7. desember 2006 og 14. janúar 2007. Samkvæmt tveimur fyrstnefndu var ákærði ekki í andlegu ástandi á gæsluvarðhaldstímabilinu, vegna geðrofseinkenna, til að skilja hugsanlegar ákæru á hendur honum eða veita upplýsingar á viðunandi hátt um kæruefni. Geðrænt ástand ákærða hefði þó verið skárra við ritun seinni álitserðarinnar, en hann enn verið með ofheyrnir og ranghugmyndir. Samkvæmt síðustu álitserðinni mun ákærði hafa verið búinn að endurheimta minni sitt, eins og læknirinn hefði áður spáð fyrir um, en nefnda minnistrufun á gæsluvarðhaldstíma mætti örugglega rekja til álags vegna innilokunarinnar, hvort heldur sem minnistapið væri meðvitað eða ómeðvitað. Aðspurður bar Tómas að ákærði ætti því að hafa verið í skýrsluhæfu ástandi 17. nóvember og taldi framburð hans þann dag ekki benda til hins gagnstæða. Tómas kvað ekkert benda til þess að ákærði væri ósakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga eða að refsing gæti ekki borið árangur samkvæmt 16. gr. laganna.

XIII.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skulu röksemdir dómara lúta að því hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Um sönnun fer annars eftir reglum 45.-48. gr. laganna. Í því sambandi ber að meta skynsamlegan vafa til hagsbóta fyrir ákærðu, bæði um atriði er varða sekt þeirra og önnur, sem telja má þeim í óhag. Sönnunarbyrði hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 45. gr., en sönnunarmat dómara er frjálst, þó þannig að dómur skal fyrst og fremst reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. sömu laga má ekki dæma ákærðu fyrir aðra hegðun en þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru. Þó er dómara rétt að dæma eftir öðrum refsí ákvæðum en í ákæru greinir, enda hafi ákærðu verið bent á þann möguleika og vörn þeirra ekki verið áfátt vegna þessa. Í máli því, sem hér er til meðferðar, veltur niður staða á því hvort ákæruvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan

vafa, að ákærðu hafi gerst sekir um fíkniefnalagabrot samkvæmt 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum, framið í ágóðaskyni af hálfu ákærðu, í sameiningu að því er virðist og með svofelldum hætti:

Að ákærði A hafi skipulagt innflutning á 834 MDMA töflum frá Hollandi til Íslands, farið til Hollands í október 2006, fengið þar ónafngreindan mann til að senda töflurnar með hraðpóstsendingu á heimili meðákærða B, eftir að meðákærði hafði að beiðni ákærða látið í té heimilisfang sitt í þeim tilgangi og samþykkt að veita fíkniefnasendingunni móttöku, meðákærði tekið á móti henni föstudaginn 17. nóvember, í þeirri trú að viðkomandi pakki innihéldi sömu fíkniefni, tilkynnt ákærða að sendingin væri komin og haft hana í sínum vörslum uns ákærði hefði komið á heimili hans síðar um daginn og tekið „umbúðir sem hann taldi innihalda fíkniefnin úr henni“.

Önnur lýsing í ákæru, svo sem að lögregla hafi áður fjarlægt fíkniefnin, ákærði A orðið þess áskynja og hlaupið burt af vettvangi, fellur utan brotalýsingar 173. gr. a. almennra hegningarlaga og á því ekki erindi í ákæru, en samkvæmt téðri lagagrein skal sá maður sæta fangelsi allt að 12 árum, sem andstætt ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, eða framleiðir, flytur inn eða út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum slík efni í því skyni að afhenda þau mörgum mönnum í ágóðaskyni eða á annan sérlega saknæman hátt.

Háttsemi ákærðu ber að meta í ljósi nefndrar brotalýsingar og verknaðarlýsingar ákæru, þó þannig að dómari beindi því til sakflytjenda við munnlegan málflutning að reifa málið einnig með hliðsjón af því að háttsemi ákærðu kunni eftir atvikum að falla undir refsíákvæði laga nr. 65/1974 og háttsemi ákærða B mögulega undir 173. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. hlutdeildarákvæði 22. gr. sömu laga.

XIV.

Ákærði B hefur frá upphafi neitað sök og borið því við að hann hafi samþykkt að veita pakkasendingu móttöku í greiðaskyni við meðákærða A, sem er náinn vinur hans og talið að innihald pakkans væri þess eðlis að meðákærða fyndist óþægilegt að fá hann sendan heim til sín og kærustu sinnar D. Sökum þessa hefði hann látið meðákærða í té heimilisfang sitt, í þeirri trú að um bækur væri að ræða, svo sem meðákærði hefði nefnt í símtali frá Amsterdam 16. október 2006. Sú háttsemi ákærða, ein sér, getur ekki leitt til sakfellingar samkvæmt 173. gr. a. almennra hegningarlaga, ef ekki aðeins í ljósi þess að meðákærði gæti allt eins hafa viljað senda ákærða klámfengið efni, prentað eða á myndbandi, sem teldist ólöglegt hér á landi. Fleira þarf til að koma. Í málinu er ekkert fram komið, sem bendir ótvírætt til þess að ákærði hafi vitað eða hann mátt vita að fíkniefni væru falin í umræddum pakka, hvað þá að um væri að ræða tæplega 1000 e-töflur. Framburður ákærða um að meðákærði hafi ítrekað spurst fyrir um komu pakkans veitir vissulega líkur fyrir því að ákærða hefði mátt gruna að í sendingunni væru fíkniefni af einhverju tagi, en það eitt, án frekari sönnunargagna, nægir fráleitt til sakfellingar ákærða. Á hinn bóginn er til þess að líta að ákærði móttók pakkann laust eftir kl. 13 föstudaginn 17. nóvember, lagði hann inn í svefnherbergi sitt og lét hann bíða þar í reiðileysi, að því er næst verður komist, til um kl. 18, þá er meðákærði kom að vitja pakkans og ákærði afhenti hann inni í stofu á heimili sínu, í þeim tilgangi að pakkinn yrði

opnaður þar, þrátt fyrir að foreldrar hans væru í næsta herbergi og C bróðir hans kæmi inn í stofuna til að forvitnast um innihald pakkans. Er með nokkrum ólíkindum að ákærði hefði hagað málum svo, ef hann hefði vitað að pakkinn innihéldi fíkniefni. Þá liggur ekkert fyrir um að meðákærði eða aðrir hafi lofað ákærða þóknun fyrir að veita pakkanum móttöku, en það eitt að ákærði hafi samþykkt móttökuna, í þeirri trú að meðákærði myndi í staðinn aðstoða hann við bílaviðgerð, leiðir ekki líkur að sök ákærða. Loks er til þess að líta að þrátt fyrir að ákærði hafi haft pakkann í sínum vörslum í tæpar fimm klukkustundir, með gerviefnum í, er ekkert fram komið sem bendir til þess að þær vörslur ætlaðra fíkniefna hafi verið í því skyni að sömu efni yrðu afhent öðrum í ágóðaskyni eða á annan sérstaklega saknæman hátt. Að öllu þessu gættu og í ljósi stöðugs framburðar ákærða og eindreginnar sakarneitunar þykir slíkur vafi leika á því að ákærði hafi vitað eða mátt vita að um fíkniefnasendingu væri að ræða, að sýkna ber hann af þeirri háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, sbr. 45.-47. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ákærða A er gefið að sök að hafa skipulagt innflutning á 834 MDMA töflum frá Hollandi og í því skyni farið til Hollands í október 2006, fengið þar ónafngreindan mann til að senda töflurnar með hraðpóstsendingu á heimili meðákærða B og nálgast sömu sendingu á heimili meðákærða föstudaginn 17. nóvember. Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Það sem einkum horfir til sakfellingar ákærða og ákæruvaldið byggir málalíbúnað sinn að verulegu leyti á, er misvísandi framburður ákærða, framburður X um tilgang Hollandsfararinnar, um það að „Yasin Matti“ hafi sýnt ákærða mikinn fjölda MDMA taflna og hvernig ætti að búa um slíkar póstsendingar milli landa og að ákærði hafi hringt í meðákærða B og fengið heimilisfang hans í því skyni að senda slíkar töflur heim til hans. Þá byggir ákæruvaldið á því að ákærði hafi verið í tíðu símasambandi við X og nefndan Matti, fengið SMS skilaboð frá þeim síðarnefnda með farmnúmeri viðkomandi pakka sendingar og verið handtekinn í kjölfar þess að hafa opnað pakkann, verið ánægður að sjá dulið innihald hans og bogað við tvo poka með MDMA töflum í fyrir utan svefnherbergisglugga meðákærða.

Ákærði gaf í upphafi málsrannsóknar þá skýringu á för sinni heim til meðákærða 17. nóvember að hann hefði ætlað að kaupa af honum hass, sem meðákærði hefði fengið sent frá Hollandi. Er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess að ákærði hafi þá ekki verið í andlegu jafnvægi til að skýra réttilega frá málsatvikum. Af þessum sökum þykir breyttur framburður ákærða að þessu leyti og skýring hans á honum ófullnægjandi. Það eitt leiðir þó ekki til sakfellingar ákærða samkvæmt ákæru. Við þetta bætist að ákærði hafði ítrekað samband við títtnefndan Matti, sér í lagi dagana 13.-15. nóvember, fékk síðastnefndan dag SMS skilaboð frá Matti með farmnúmeri umræddrar pakkasendingar og hefur að öllum líkindum farið í tölvu á heimili sínu og D 16. nóvember til að athuga komutíma pakkans. Breytir engu í því sambandi vitnisburður Y, sem hefur verið reikull og dómurinn metur ótrúverðugan. Þá bætir ekki úr skák að ákærði hafði ítrekað samband við meðákærða til að forvitnast um hvort pakkinn væri kominn, en framangreind atriði, virt heildstætt, benda eindregið til þess að ákærði hafi óhreint mjöl í pokahorninu.

Á hinn bóginn er til þess að líta að vitnið E hefur borið að hún hafi heyrt X hóta ákærða ófarnaði á kaffihúsi síðastliðið haust og er ekkert haldbært fram komið í málinu, sem veitir tilefni til að hafna þeim vitnisburði, enda þykir framburður X með slíkum ólíkindum að ekki verður á honum byggt, svo sem nánar verður útskýrt

hér á eftir. Við þetta bætist það álit dómsins að með nokkrum ólíkindum telst að ákærði hafi beðið í tæpar fimm klukkustundir með að sækja svo viðamikla fíkniefnasendingu, sem raun ber vitni, ef hann þá vissi um innihald sendingarinnar, auk þess sem einkennilegt verður að teljast að ákærði hefði opnað slíka sendingu, vitandi vits, í viðurvist bróður meðákærða og í næsta herbergi við fjölskyldu hans og ættingja. Veita framangreind atriði vísbendingu um að ákærði hafi sætt líflátshótun af hálfu X, svo sem hann hefur þrúfaldlega borið um og gætu þá sömuleiðis skýrt símasamband hans við fyrrnefndan Matti og fyrirspurnir til meðákærða um komu pakkans. Umrædd atriði geta eftir atvikum engu síður leitt líkur að sekt ákærða, en þá vaknar spurningin hver sökin er. Kemur í því sambandi til skoðunar framburður X, sem ákærvaldið reiðir sig mikið á, en dómurinn telur með slíkum eindæmum að ekkert sönnunargildi hafi í málinu, ákærða í óhag. Ber þar fyrst að nefna að X hefur verið margsaga um tilgang Hollandsferðar sinnar og ákærða. Þá hefur hann verið tvísaga um ferðir þeirra á meginlandi Evrópu, reikull um það hvort ákærði hafi boðið honum í ferðina eður ei, tvísaga um það hvort títtnefndur Matti hafi verið vinur ákærða eða í vinfengi við vini X sjálfs, tvísaga um það hvort ákærði og Matti hafi samið um sendingu fíkniefna til Íslands, einn borið um hvernig búa ætti um fíkniefnin, í samræmi við það hvernig búið var um sendingu þá er barst til meðákærða B, margsaga um ástæður þess að hann breytti eigin ferðatilhögun og sneri til Íslands á undan ákærða, ótrúverðugur í órökstuddri frásögn sinni um falska peningaseðla og 1.500.000 króna þóknun úr hendi ákærða, sem og ótrúverðugur um ástæðu þess að hann hafði símasamband við meðákærða dagana 19.-20. október 2006. Loks ber að nefna þann vitnisburð G, föður kærustu ákærða, að ákærði hafi í raun verið að sinna viðskipta-erindum í Hollandi og Frakklandi, vætti systur ákærða að hann hafi heimsótt fjölskyldu sína í Haag til að dvelja með þeim á Ramadan, sem stóð frá 23. september til 22. október 2006 og síðast en ekki síst að rannsókn lögreglu leiddi ekki í ljós vafasöm fjármagnsviðskipti ákærða, ef frá eru talin fyrrnefnd kaup hans á gjaldeyri fyrir tæplega 1.000.000 króna. Ákærði var hins vegar aldrei beðinn um að skýra þau kaup og verða þau því ekki notuð gegn honum, sbr. 47. gr. laga um meðferð opin berra mála.

Þegar öllu er á botninn hvolft þykir samkvæmt framansögðu ekkert það fram komið í málinu, gegn eindreginni sakarneitun ákærða A, sem styður þá verknaðarlýsingu ákæru að ákærði hafi skipulagt innflutning umræddra MDMA taflna í Hollandi, í október 2006, fengið ónafngreindan mann til að senda töflurnar með hrað póstsendingu á heimili meðákærða B og ákærði nálgast sömu sendingu á heimili meðákærða föstudaginn 17. nóvember, vitandi vits að um MDMA töflur væri að ræða. Þá er ekkert fram komið í málinu, sem bendir ótvírætt til þess að ákærði hafi með öðrum hætti gerst sekur um háttsemi, sem lýst er refsiverð í 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Þótt verulegar líkur séu á því að ákærði hafi engu síður tekið þátt í refsiverðri háttsemi, tengdri ólögmati meðferð fíkniefna verður hann ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, sbr. 45.-46. gr. laga um meðferð opinberra mála. Skal hann því sýkn af refsikröfu ákærvaldsins.

Óháð framangreindum málsúrslitum ber að gera umræddar MDMA töflur upptækar til ríkissjóðs samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna og önnur eftirlitsskyld efni með áorðnum breytingum.

Þá ber í ljósi greindra málsúrslita og með vísan til 1. mgr. 166. gr. laganna um meðferð opinberra mála að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, en til hans telst meðal annars þóknun Gríms Sigurðarsonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða A á rannsóknarstigi máls og fram yfir þingfestingu, málsvarnarlaun Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða eftir þau tímamörk og málsvarnarlaun Björgvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða B á báðum málsstigum. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykir þóknun þess fyrstnefnda hæfilega ákveðin 686.244 krónur, málsvarnarlaun nefnds Oddgeirs, 556.764 krónur, að viðbættum 16.932 krónum í útlagðan kostnað og málsvarnarlaun téðs Björgvins, 880.464 krónur, allt að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hulda María Stefánsdóttir fulltrúi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

DÓMSORÐ:

Ákærðu, A og B, eru sýknir af ákæru í málinu.

Gerðar eru upptækar til ríkissjóðs 834 töflur af ávana- og fíkniefninu MDMA, sem lögregla haldlagði 16. nóvember 2006.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 686.244 króna þóknun Gríms Sigurðarsonar héraðsdómslögmanns, 556.764 króna málsvarnarlaun Oddgeirs Einarssonar héraðsdómslögmanns og 880.464 króna málsvarnarlaun Björgvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Jónas Jóhannsson